



Dagsetning: 23.03.2018
Málsnúmer: 1803067/2.10.0

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga – 200 mál.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð gerir ekki athugasemd við að skipaður verði starfshópur með það að leiðarljósi að kanna skiptingu útsvarstekna í víðu samhengi á milli sveitarfélaga, en er ekki sammála mikilvægi þess að skipta útsvarstekjum sveitarfélaga eftir útgjöldum þeirra og veittri þjónustu.

Rétt þykir í þessu samhengi að benda á að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Sveitarfélögum hefur með lögum verið falin margvísleg verkefni gagnvart einstaklingum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, s.s. hvað varðar félagsþjónustu og aðra grunnþjónustu. Sem dæmi má nefna að sveitarfélögum ber samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 91/2008 skylda til að tryggja að börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar í samræmi við ákvæði laganna. Dvöl einstaklinga utan lögheimilissveitarfélags skuldbindur dvalarsveitarfélag allajafna ekki til að veita lögbundna þjónustu. Snjómokstur og ýmis önnur þjónusta sem nefnd er í greinargerð með tillögunni er ólögbundin þjónusta, sem sveitarfélagið hefur val hvort og þá með hvaða hætti er veitt. Þá er rétt að benda á að eigendur jarða og frístundahúsnæðis greiða fasteignaskatta af fasteignunum sem og önnur þjónustugjöld eftir því sem við á, s.s. vegna sorphirðu eða sorpeyðingar, vatns- og hitaveitu, seyrulosunar o.s.frv. Er því ljóst að sveitarfélög hafa nú þegar tekjur af jörðum og frístundabygðum. Með vísan til þess að dvalarsveitarfélag hefur ekki sömu skyldur gagnvart einstaklingum sem dveljast þar með sama hætti og lögheimilissveitarfélag, er lagst gegn þeirri hugmynd þingsályktunartillögunar.


Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn bæjarins til Alþingis skv. samþykkt bæjarráðs.

4. 201803160 - Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga - beiðni um umsögn

Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga - umsögn fjármálastjóra.

Bæjarráð samþykkti með þremur atkvæðum að taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna.

[Umsögn fjármálastjóra](#)

Með kveðju,

Valgerður Sigurðardóttir

Aðstoðarmaður skjalastjóra

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 21. mars 2018

Mál nr. 2018020015/00.01

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 15. mars 2018 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð Reykjanesbæjar telur rétt að í þessari vinnu verði einnig litið til sveitarfélaga þar sem íbúum fjölgar meira en 1,5% á ári.

Það er gert á hinum Norðurlöndunum og slík svæði skilgreind sem vaxtarsvæði á meðan þannig varir.

Íbúum á Suðurnesjum fjölgar nú hraðar en annars staðar á landinu, eða um 7% á ári, sem er langt umfram landsmeðaltal, með tilheyrandi þörf á innviðaupbyggingu og eflingu stofnana bæði ríkis og sveitarfélaga.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 20. mars s.l. var afgreiðsla bæjarráðs staðfest.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir

Skjalavörður



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi

Málsnr.:

1802148

Málalykill:

0.34.5

Reykjavík, 22. mars 2018

R18030070

175

HBL/bp

Alþingi - nefndasvið

Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga - 200. mál

Á fundi borgarráðs þann 22. mars 2018, var lögð fram umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 21. mars 2018, um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.

Borgarráð samþykkti umsögn fjármálaskrifstofu.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 21. mars 2018.

Afrit:

Fjármálaskrifstofa

Umsögn

Efni: Þingsályktunartillaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir umhverfis- og samgöngunefnd alþingis liggur tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga. Í tillöggunni er fjármála- og efnahagsráðherra falið að skipa starfshóp sem kanni möguleikann á skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga með það að leiðarljósi að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Starfshópurinn horfi m.a. til tilvika þar sem einstaklingur á fristundahús eða jörð eða starfar í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í.

Ráðherra skili tillögum til Alþingis fyrir árslok 2018.

Í greinargerð með tillöggunni segir m.a.:

Sveitarfélög geta þó haft verulegan kostnað af þjónustu við aðra en þá sem þar eiga lögheimili, t.d. einstaklinga sem eiga þar fristundahús eða jörð og dvelja þar jafnvel drjúgan hluta ársins án þess að stunda þar búskap. Sem dæmi þar um má nefna kostnað við snjómokstur. Hér er því lagt til að starfshópi verði falið að móta tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga þannig að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Þessi skylda tekur til einstaklinga sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, s.s. hvað varðar félagsþjónustu og aðra grunnþjónustu. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að tryggja að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar í samræmi við ákvæði laganna. Mörg sveitarfélög eiga fullt í fangi með að standa undir lögbundnum skyldum sínum gagnvart einstaklingum í sveitarfélaginu sem eiga þar lögheimili og mörg þeirra myndu ekki ráða við þessi verkefni ef ekki bættust við tekjur þeirra framlög úr Jöfnunarsjóði. Má velta fyrir sér hvernig staða þeirra yrði ef þau misstu hluta útsvarstekna til annarra sveitarfélaga sem hafa ekki þessar sömu skyldur. Enda felur dvöl einstaklinga utan lögheimilissveitarfélags almennt ekki í sér skuldbindingu fyrir dvalarsveitarfélag að veita lögbundna þjónustu.

Ef horft er sérstaklega til Reykjavíkur mætti ætla að það gagnaðist borgarsjóði að fá nýtt kerfi sem tryggði borginni hlutdeild í útsvarsgreiðslum allra sem vinna í borginni en búa í grannsveitarfélögum án þess að borgin yrði á móti að tryggja einstaklingum í þessum sveitarfélögum lögbundna þjónustu. Það gæti jafnvel ýtt undir áhuga á að lækka álagningarhlutfall útsvars í Reykjavík þar sem búið væri að

ná í nýjan tekjustofn án skuldbindinga um þjónustu. Hagsmunir sveitarstjórnarstigsins í heild sinni eru ekki þeir að sveitarfélög fari í samkeppni um lækkun á útsvari með því að koma þjónustuskuldum á önnur sveitarfélög.

Ef horft er málið út frá hagsmunum sveitarfélaga sem þjónusta frístundabyggðir þá er ljóst að mörg þeirra hafa miklar tekjur af fasteignagjöldum eigenda jarðnæðis undir frístundabyggð og eigenda frístundahúsa og öðrum þjónustugjöldum þessara aðila t.d. vegna sorphirðu eða sorpeyðingar, vatns- og hitaveitu, seyrulosunar o.s.frv. Snjómokstur og ýmis önnur þjónusta er ekki lögbundin og er aðeins veitt á forsendum sveitarfélagsins. Horft heilt yfir er því ljóst að sveitarfélög hafa nú þegar miklar tekjur af jörðum og frístundabyggðum.

Engar forsendur eru fyrir því að hefja umræðu um endurskoðun á skiptingu útsvarstekna á milli sveitarfélaga á meðan lögheimilisskráning er forsenda fyrir skyldu sveitarfélaga að veita lögbundna þjónustu og á meðan jöfnunarkerfi sveitarfélaga styður við það. Með vísan til að dvalarsveitarfélag hefur ekki sömu skyldur gagnvart einstaklingum sem dveljast þar með sama hætti og lögheimilissveitarfélag er lagst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.



Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 3. apríl 2018

1804003SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þált. um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál

Í upphafi þykir rétt að gera athugasemd við að ekki barst umsagnarbeiðni til sambandsins vegna þessa máls. Hlýtur mistökum að vera um að kenna en umsagnarbeiðnir voru sendar til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Þegar þessi umsögn er rituð hafa fimm sveitarfélög sent inn umsögn um málið og er meirihluti þeirra neikvæður gagnvart tillögunni.

Almennt um tillöguna

Tillaga sama efnis hefur verið flutt tvívegis áður á Alþingi, en hún er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga með það að leiðarljósi að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Starfshópurinn horfi m.a. til tilvika þar sem einstaklingur á frístundahús eða jörð eða starfar í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í. Ráðherra skili tillögum til Alþingis fyrir árslok 2018.

Í skýringum við tillöguna er vísað til þess að sveitarfélög geti haft verulegan kostnað af þjónustu við aðra en þá sem þar eiga lögheimili, t.d. einstaklinga sem eiga þar frístundahús eða jörð og dvelja þar jafnvel drjúgan hluta ársins án þess að stunda þar búskap. Sem dæmi þar um má nefna kostnað við snjómokstur. Hér er því lagt til að starfshópi verði falið að móta tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga þannig að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu.

Rétt þykir að geta þess að fyrir rúmum áratug funduðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytis sveitarstjórnarmála með þáverandi formanni Bændasamtaka Íslands um ályktun búnaðarþings um sama efni og hafa hugmyndir af svipuðum toga ítrekað skotið upp kollinum frá þeim tíma en án þess að hljóta mikinn hljómgrunn. Hafa þær t.a.m. ekki komið til alvarlegrar skoðunar á landsþingum sambandsins eða við gerð áherslna sambandsins í viðræðum um tekjustofna sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögnum þeirra sveitarfélaga sem mæla gegn samþykkt tillögunnar og telur að ekki sé ástæða til þess að skipa starfshóp til þess að fjalla sérstaklega um það viðfangsefni sem fjallað er um í tillögunni. Mun mikilvægara er að ljúka vinnu við eftirtalin verkefni sem snúa að því



að styrkja tekjustofna sveitarfélaga, og kveðið er á um í drögum að samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál:

- Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- Fækkun undanþága skv. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, einkum varðandi skattlagningargrundvöll virkjanamannvirkja
- Að tekjur af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga jafnframt því að skatturinn reiknist sem tiltekið hlutfall af verði gistinátta.
- Að skatteftirlit verði eftt og komið verði á aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil.


Sambandið óskar eftir stuðningi Alþingis við að hraða sem mest þeim breytingum sem hér um ræðir.

Lokaorð

Sambandið vill að lokum koma á framfæri þeirri almennu afstöðu að mikilvægt er að hugmyndir um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga fari ávallt í gegnum vandað samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Slíkt verklag er til þess fallið að tryggja að heildarsýn ráði ferð við ákvarðanir um breytingar á löggjöf jafnframt því að fyrir liggja mat á áhrifum fyrirhugaðra breytinga. Ekkert slíkt mat liggur til grundvallar þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar og litlar vísbendingar liggja fyrir um á hvern hátt tillagan er til þess fallin að styrkja sveitarstjórnarstigið í heild.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Sandgerði, 28. mars 2018
00.85/1706249

Efni: Frumvarp til laga: mál til umsagnar

Bæjarráð Sandgerðisbæjar fjallaði á fundi sínum þann 14. mars sl. um tillögu til þingsályktunar um að skipa starfshóp sem móti tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga með það að leiðarljósi að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Starfshópurinn horfi m.a. til tilvika þar sem einstaklingur á frístundahús eða jörð eða starfar í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar mælir gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt enda hæpnar forsendur fyrir því að skoða breytingu á skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga í ljósi þjónustu við frístundhúsaeigendur sem lögheimili eiga í öðru sveitarfélagi. Með sama hætti mætti færa rök fyrir því að skipta ætti útsvarstekjum milli sveitarfélaga með hliðsjón af því hvar tekna er aflað. Verði ákveðið að skoða breytingar á útsvarstekjum þyrfti að undirbúa það mál betur og í víðara samhengi.

Virðingarfyllst,

Sigrún Árnadóttir,
bæjarstjóri

Á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps þann 15. mars sl. var tekin fyrir umsögn um þingskjal 279 – 200. mál um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga með það að leiðarljósi að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Starfshópurinn horfi m.a. til tilvika þar sem einstaklingur á frístundahús eða jörð eða starfar í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í.“

Kær kveðja

Ólafur Áki Ragnarsson

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps